

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

118. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 1. febrúar 2011 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá;

1. Viðræður við skólastjóra grunnskóla. (kl. 16:00)
Fjárhagsáætlun ársins 2011.
2. Viðræður við leikskólastjóra. (kl. 16:30)
Starfsskýrsla Leikskólans Ásgarðs fyrir skólaárið 2009-2010.
Matskerfi fyrir leikskóla.
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Formaður, Rakel Runólfsdóttir og Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri fóru yfir umræðu innan fræðsluráðs og vinnu innan skólans um samræmingu námsmats.

Skólastjóri gerði grein fyrir niðurstöðu rekstrar grunnskólans fyrir árið 2010. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er rekstrarkostnaður um 16 millj. kr. hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Fór hann yfir helstu ástæður þess að kostnaður er þetta hærri en áætlað var.

Þá gerði Sigurður einnig grein fyrir helstu atriðum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Skólastjóri kynnti fyrirhugaða kynnisferð starfsmanna til Makedóníu, Slóveníu og Serbíu 14.-22. apríl nk. Vegna ferðarinnar heimilar fræðsluráð skólastjóra að gera breytingu á gildandi skóladagatali vegna tveggja kennsludaga sem nauðsynlegt reynist að færa til í dagatalinu. Skólastjóra falið að útfæra og kynna þá breytingu sem gerð verður.

Formaður kynnti að fræðsluráð muni senda skólastjóra spurningalista til eftirfylgni við gerðar sjálfsmatsskýrslu fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra.

2. Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri afhenti fræðsluráði Ársskýrslu Leikskólans Ásgarðs fyrir skólaárið 2009-2010. Óskaði hún eftir því að fundarmenn kynntu sér efni skýrslunnar og þá væri unnt að fara yfir spurningar um innihald hennar á næsta fundi.

Leikskólastjóri kynnti matskerfi fyrir leikskóla sem ber heitið „Barnið í brennidepli“ Tilgangur matskerfisins er að meta gæði leikskólafarfsins. Á þriðja tug leikskóla nota umrætt matskerfi. Framkvæmd og gagnaöflun vegna matsstarfsins er í höndum starfsmanna leikskólans. Undirbúningur að upptöku námsmatskerfisins stendur yfir meðal starfsmanna leikskólans.

3. Sigurbjörg Þórunn vildi koma á framfæri þakklæti til sveitarfélagsins fyrir að skapa fjarnemum þá mikilvægu aðstöðu og búnað sem komið hefur verið upp í fjarnámsstofunni að Höfðabraut 6 á Hvammstanga.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir sitja fundinn af hálfu starfsmanna grunnskólans.

Ína Björk Ársælsdóttir situr fundinn sem fulltrúi foreldra í leik- og grunnskóla. Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir situr fundinn sem fulltrúi starfsmanna Leikskólans Ásgarðs.

Gísli G. Magnússon boðaði forföll sín og varamanns.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.17:20.

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.)

Valdimar Gunnlaugsson(sign.)

Rakel Runólfsdóttir(sign.)

Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.)

Skúli Þórðarson(sign.)